



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Breytingar á reglum um strætómiða

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 25. júní 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna fram svohljóðandi tillögu ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 21. júní 2019, um breytingar á reglum um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar og akstur nemenda með hópþifreiðum og tillaga að breytingum á reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar, drög að reglum um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar, nógildandi reglum um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar með strætisvögnum Reykjavíkur og akstur nemenda með hópþifreiðum, nógildandi reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar, minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 23. nóvember 2018 og umsagnir skólasamfélags Árbæjarskóla, ódags., skólaráðs Foldaskóla, dags. 11. mars 2019, foreldra í Suðurlíðum, ódags., skólaráðs Réttarholtsskóla, dags. 12. febrúar 2019 og skólaráðs Fossvogsskóla, dags. 27. febrúar 2019:

Samþykktar eru nýjar reglur um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar sem búa í meira en 1,5 km. göngufjarlægð frá hverfissskóla sínum miðað við örugga gönguleið frá heimili að skólalóð. Jafnframt falli úr gildi reglur um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar, samþykktar í menntaráði 3. nóvember 2005. Samþykkt er breyting á 6. gr. reglna um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar, með þeim hætti að fram komi að þeir nemendur með lögheimili í Reykjavík sem eiga þess kost að fá ókeypis strætókort eru nemendur í 1.-10. bekk sem búa (eiga lögheimili) í meira en 1,5 km göngufjarlægð frá hverfissskóla sínum, til samræmis við reglur um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Breytingarnar skulu taka gildi 22. ágúst 2019. Þó skulu nýjar reglur ekki taka gildi fyrr en 1. janúar 2020 fyrir nemendur í 1.-4. bekk Hlíðaskóla með lögheimili í Suðurlíðum og nemendur í 1.-4. bekk Melaskóla með lögheimili í Skerjafirði.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu til að málinu verði frestað. Tillagan var felld með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Með nýjum reglum eiga nemendur kost á að fá ókeypis strætókort sé vegalengdin frá heimili þeirra að skóla meiri en 1,5 km. Lagður verður af akstur með rútum í þremur skólahverfum en á móti geta viðkomandi nemendur nýtt strætókortið án endurgjalds allt árið um kring. Þær

breytingar sem snúa að breytingum á skólaakstri yngstu barna í Skerjafirði og Suður-Hlíðum taka þó ekki gildi fyrir en um næstu áramót. Markmiðið með þessum breytingum öllum er að auka jafnræði og gagnsæi og að sömu reglur gildi fyrir alla nemendur. Þá er breytingin til þess fallin að bæta aðgengi yngstu kynslóðarinnar að almenningssamgöngum sem styður við markmið stjórnvalda í umhverfis- og loftslagsmálum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja að betur hefði mátt standa að kynningu á breytingum á reglum á afhendingu strætókorta til nemenda í grunnskólum. Breytingin snertir alla foreldra skólabarna sem málið varðar. Umsagnir skólaráða og foreldrafélaga gefa ágæta mynd en eru ekki trygging fyrir því að allir foreldrar séu upplýstir um breytingarnar og hvaða áhrif þær hafa. Akstur með skólabílum fyrir börn sem búa í lengri fjarlægð en 1,5 km. frá skóla verður aflagður og sýnt að það muni hafa mikil áhrif á ferðir skólabarna. Í ljósi athugasemda frá nokkrum skólum þykir rétt að skoða málið nánar og leyfa umsögnum allra hagsmunaaðila að koma að áður en reglurnar verði endanlega samþykktar, slíkt hefði verið í anda íbúalýðræðis og samráðs.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 21. júní 2019

Drög að reglum um strætókort til nemenda, ódags.

Reglur um afhendingu farmiða til nemenda, ódags.

Reglur um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkur, ódags.

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 23. nóv. 2018


Ályktun frá Árbæjarskóla, ódags.

Ályktun frá Foldaskóla, dags. 11. mars 2019

Ályktun foreldra í Suðurhlíðum, ódags.

Ályktun frá Réttarholtsskóla, dags. 12. febrúar 2019

Ályktun frá Fossvogsskóla, dags. 27. febrúar 2019



Minnisblað

Reykjavík, 21. júní 2019
SFS2018110156
163. fundur
HG/geb/hs

Til: skóla- og frístundaráðs

Frá: Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga að breytingum á reglum um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar og akstur nemenda með hópþifreiðum og tillaga að breytingum á reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar

I Forsaga málsins

Á 148. fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. nóvember 2018 varð lögð fram tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 23. nóvember 2018, að breytingum á reglum um afhendingu strætómiða/korta fyrir nemendur í grunnskólum Reykjavíkur. Fram kom að skrifstofa skóla- og frístundasviðs legði til að reglurnar yrðu einfaldaðar þannig að sama viðmið um fjarlægð yrði notað um alla aldurshópa nemenda, þ.e. 1,5 km fjarlægð frá heimili að heimaskóla. Þá verði hætt að afhenda miða heldur fái nemendur árskort í strætó skráð á nafn viðkomandi barns og nýtist allan daginn alla daga ársins.

Á fundinum var samþykkt málsmeðferðartillaga sem kvað á um að breyting á reglum um afhendingu strætómiða/korta fyrir nemendur í grunnskólum Reykjavíkur verði send til umsagnar skólaráða og foreldrafélaga þeirra skóla sem málið varðar.

Með vísan til framangreinds gilda um skólaakstur í grunnskólum Reykjavíkurborgar reglur um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar með strætisvögnum Reykjavíkur og akstur nemenda með hópþifreiðum, samþykktar í Menntaráði þann 3. nóvember 2005.

Jafnframt er í reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar, 6. gr., tekið fram hverjir eigi rétt á skólaakstri/strætófargjaldi en reglurnar voru samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 8. febrúar 2017 og í borgarráði þann 9. febrúar 2017.

Samkvæmt 1. gr. núgildandi reglna um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar eiga nemendur sem sækja skóla í sínu skólahverfi kost á að fá ókeypis farmiða sé vegalengdin frá heimili að skóla meiri en 1,5 km fyrir nemendur í 1.-5. bekk og 2 km fyrir nemendur í 6.-10. bekk. Miðað er við skemmstu gönguleið. Sama regla kemur fram í 6. gr. reglna um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar.

Með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 23. nóvember 2018, er lagt til að reglur verði einfaldaðar þannig að sama viðmið um fjarlægð verði notað fyrir alla aldurshópa nemenda, þ.e. 1,5 km. fjarlægð frá lögheimili að heimaskóla. Þá verði meginreglan sú að hætt verði að afhenda miða heldur fái nemendur árskort í strætó skráð á nafn viðkomandi barns og nýtist allan daginn alla daga ársins.

Í tengslum við framangreinda breytingu er lagt til að í stað núgildandi reglna komi nýjar reglur til samræmis við meðfylgjandi drög í þeim tilgangi að orðalag verði fært til dagsins í dag og reglurnar

almennt einfaldaðar. Reglurnar fái m.a. nýtt nafn eða reglur um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Þá er nauðsynlegt að gera breytingar á 6. gr. reglna um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar. Nánari umfjöllun um breytingar á reglunum má sjá undir lið III.

II Umsagnir skólaráða og viðbrögð skóla- og frístundasviðs við umsögnum

Ákveðið var að óska eftir umsögnum um drög að nýjum reglum frá skólaráðum þeirra skóla sem breytingarnar gætu haft áhrif á og bárust umsagnir frá sjö af þeim níu skólum sem boðið var að senda umsögn.

Skólaráð **Hagaskóla** og **Laugarnesskóla** gera ekki athugasemdir við tillögurnar. Ekki bárust umsagnir frá **Kelduskóla** og **Melaskóla**.

Skólasamfélag **Árbæjarskóla** telur að með nýjum reglum sé einungis verið að færa til afhendingu strætómiða eða –korta á milli hverfa, þannig að hluti nemenda úr Ártúnshverfi missi gjaldfrjáls afnot af strætó og í stað þess fái fleiri nemendur í Seláshverfi gjaldfrjáls afnot af strætó. Skólasamfélag Árbæjarskóla hvetur skóla- og frístundasvið til að endurskoða reglurnar þannig að allir nemendur í unglíngadeild skólans með lögheimili í Ártúns- og Seláshverfum eigi rétt á strætókorti og leggur jafnframt til að öllum grunnskólanemendum borgarinnar verði boðið að ferðast endurgjaldslaut í strætó.

Til skýringa tekur skrifstofa skóla- og frístundasviðs fram að með tillögu að breytingum á reglum varðandi skólaakstur verður til það viðmið að nemendur sem eiga undir 1500m. gang að skólalóð gangi í skólann. Í Ártúnsholti eru nemendur með frá 1,1-2,1km. gang að skólalóð. Ef strætisvagnsamgöngur eru það góðar að það spari tíma að taka strætisvagn fyrir undir 1500m. göngu er það auðvitað jákvætt en þá er það á eigin kostnað eins og í öðrum hverfum í Reykjavík. Það sama á við í skólahverfi Selásskóla en þar eru gönguleiðir frá undir 700m og allt að 2,1 km. Ef allir sem ættu 700m. gang í skólann fengju strætókort þá væri breyting á reglunum mun kostnaðarsamari.

Á það er bent að markmiðið með breytingum á reglunum er að auka jafnræði og gagnsæi við úthlutun strætómiða/-korta og að sömu reglur gildi fyrir alla nemendur.

Skólaráð **Foldaskóla** leggur til að allir nemendur í grunnskólum borgarinnar fái til afnota strætókort sér að kostnaðarlausu.

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs áætlar að árlegur kostnaður við að allir nemendur í grunnskólum borgarinnar fái til afnota strætókort yrði um 226,8 millj. kr.

Skólaráð **Fossvogsskóla** bendir á að nemendur sem eru í sameiginlegri forsjá foreldra sem skilin eru að skiptum og eigi tvö heimili þar sem annað er utan skólahverfis sitji ekki við sama borð og aðrir nemendur í grunnskólum borgarinnar. Einnig leggur skólaráð Fossvogsskóla til að ákvörðun SFS um framkvæmd skólaaksturs liggi fyrir ekki síðar en 1. júlí vegna komandi skólaárs til að skólastjórnendur hafi ráðrúm til að skipuleggja og semja um skólaakstur vegna komandi skólaárs.

Skólaráð **Hlíðaskóla** mótmælir fyrirhugaðri breytingu á skólaakstri í hverfi 105. Fram kemur að skólaráðið hafi upplýsingar um að skóla- og frístundasvið hafi til skoðunar að leggja niður akstur nemenda með hópþifreiðum og ætli að taka upp reglur um strætókort. Jafnframt telur skólaráðið að fyrirhugaðar breytingar á reglum um skólaakstur sé óásættanlegur fyrir þá nemendur sem búa í Suðurhlíðum sem þyrftu að ganga erfiða og illa upplýsta gönguleið í skóla og að viðmið um vegalengd eigi illa við um þetta hverfi. Fyrirhugaðar breytingar myndu auka umferð einkabíla um hverfið og skapa umferðaröngþveiti við skólann. Umsögninni fylgdi undirskriftarlisti með nöfnum 24 íbúa í Suðurhlíðum sem mótmæla fyrirhugaðri breytingu á skólaakstri í hverfinu.

Vegna framangreinds upplýsir skrifstofa skóla- og frístundasviðs um að nemendur í 1. – 4. bekk Hlíðaskóla með lögheimili í Suðurhlíðum hafa fram að þessu fengið skólaakstur með hópþifreiðum að morgni dags á kostnað skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Eftir að könnun var gerð á nýtingu aksturs síðdegis var hann lagður af. Gera má ráð fyrir að ef nýjar reglur verði samþykktar verði skólaakstri í þessum hluta skólahverfis Hlíðaskóla að morgni hætt.

Samkvæmt upplýsingum sem skrifstofa skóla- og frístundasviðs hefur aflað er gönguleið nemenda með lögheimili í Suðurhlíðum á bilinu 815 – 1.390 m. og því átti enginn nemandi í 1. – 4. bekk Hlíðaskóla

sl. skólaár með lögheimili í Suðurhlíðum rétt á strætókorti miðað við breyttar reglur um afhendingu strætókorta til nemenda í grunnskólum borgarinnar. Skóla- og frístundasvið tekur undir ábendingu um að ekki sé hentugt fyrir nemendur í Suðurhlíðum að taka strætó í Hlíðaskóla.

Tekið er fram að það er mat skrifstofu skóla- og frístundasviðs að gönguleiðin sé ekki erfiðari en gengur og gerist í borginni. Að mestu er gengið á göngustíg eða meðfram götu með 30 km hámarkshraða þar sem mikið er af hraðahindrunum og svo er farið um undirgöng, yfir ein ljós um hjólastíg og yfir göngubraut við grunnskólann.

Skólaráð **Réttarholtsskóla** gerir athugasemd við að nemendur sem sækja skóla utan skólahverfis af vel rökstuddum ástæðum eigi ekki kost á gjaldfrjálsum strætókorti sem feli í sér mismunun milli nemenda eftir búsetu.

Hvað varðar athugasemdir í umsögnum um að nemendur í Réttarholtsskóla búi í einhverjum tilfellum fjarri skólanum og að börn búi sum hver á tveim heimilum þá er við það miðað að til samræmis við reglur um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar ráði lögheimili því hver hverfis-skóli nemandans er.

III Nýjar reglur um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar og breyting á reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkur

a) Reglur um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

Nafni reglnanna verður breytt úr reglum um afhendingu strætómiða/korta fyrir nemendur í grunnskólum borgarinnar með strætisvögnum Reykjavíkur og akstur nemenda með hópþifreiðum í reglur um um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

Í upphafi nýrra reglna koma fram upplýsingar um gildissvið þeirra til samræmis við texta í reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar auk tilvísunar til þeirra reglna.

Með nýjum reglum eiga nemendur sem sækja skóla í sínu skólahverfi, til samræmis við reglur um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar, kost að fá ókeypis strætókort sé vegalengdin frá heimili að skóla meiri en 1,5 km. Miðað er við örugga gönguleið frá heimili að skólalóð samkvæmt skilgreiningu Borgarvefsjár.

Í núgildandi reglum er miðaða við að heimilt sé að afhenda ókeypis farmiða ef vegalengdin er meiri en 1,5 km fyrir nemendur í 1. til 5. bekk en 2 km fyrir nemendur í 6. til 10. bekk.

Óbreytt er að nemendur sem að tilstuðlan skóla- og frístundasviðs sækja skóla utan skólahverfi eiga kost á að fá ókeypis strætókort/farmiða.

Felld er á brott heimild til að afhenda nemendum strætómiða sem flust hafa á milli skólahverfa en óska eftir að sækja sinn fyrri skóla út yfirstandi skólaár, ókeypis farmiða að hálfu.

Gerð er sú breyting að skóla- og frístundaráð tekur ákvörðun um akstur með hópþifreiðum fyrir 1. júlí vegna komandi skólaárs.

Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi draga að reglum um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar.

b) Reglur um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar

Ákvæði 6. gr. er svohljóðandi:

6. gr. Skólaakstur/strætófargjald

Þeir nemendur með lögheimili í Reykjavík sem eiga rétt á skólaakstri/strætófargjaldi eru:

Nemendur í 1.-5. bekk sem búa meira en 1,5 km göngufjarlægð frá hverfisskóla sínum.

Nemendur í 6.-10. bekk sem búa meira en 2 km göngufjarlægð frá hverfisskóla sínum.

Lagt er til að gerð verði breyting á 6. gr. og ákvæðið hljóði svo:

6. gr. Strætókort

Þeir nemendur með lögheimili í Reykjavík sem eiga þess kost að fá ókeypis strætókort eru

nemendur í 1.-10. bekk sem búa (eiga lögheimili) í meira en 1,5 km göngufjarlægð frá

hverfisskóla sínum, til samræmis við reglur um strætókort til nemenda í grunnskólum

Reykjavíkurborgar.

IV Upplýsingar um fjárhagslega áhrif

Þegar skoðaðar voru fjarlægðir frá heimili að heimaskóla í öllum skólahverfum borgarinnar kom í ljós að gera mætti breytingar í tólf skólahverfum:

Árbæjarskóli: Með því að afhenda nemendum sem búa utan við 1,5 km. rafiús frá skólanum strætókort og hætta að afhenda farmiða til nemenda í þeim hluta skólahverfisins sem lendir innan 1,5 km. viðmiðs dregst kostnaður saman um **2,2 millj. kr.**

Fossvogsskóli: Um 20 nemendur eiga rétt á strætókorti og kostnaður eykst um **kr. 215.800.**

Foldaskóli: 11 nemendur í Hamrahverfi eiga rétt á strætókorti og er kostnaður við það **kr. 238.700.**

Hagaskóli: Um 35 nemendur eiga rétt á strætókorti og er kostnaður við það **kr. 1.410.500.**

Háaleitisskóli: Einn nemandi á rétt á strætókorti og eykst kostnaður um **kr. 21.700**

Hlíðaskóli: Nemendur búsettir í Suðurhlíðum sem hefur verið ekið í skólann með rútu fá strætókort og sparast við það **1,2 millj.**

Kelduskóli: Nemendur í unglingadeild sem búsettir eru í Staðarhverfi fá strætókort í stað þess að vera ekið með rútu í og úr skóla. Ókostur við þessa leið er að nemendur þurfa að skipta um vagn við Egilshöll. Kostnaður dregst saman um allt að **kr. 5.035.800.**

Langholtsskóli: Einn nemandi býr nú utan viðmiðs um fjarlægð frá heimaskóla ættu rétt á strætókorti, kostnaður **kr. 30.300.**

Laugalækjarskóli: Átta nemendur sem búa utan viðmiðs um fjarlægð ættu rétt á strætókorti, kostnaður **kr. 173.600.**

Laugarnesskóli: 17 nemendur sem búa utan viðmiðs um fjarlægð frá heimaskóla ættu rétt á strætókorti, kostnaður **kr. 185.500.**

Melaskóli: Nemendum sem búa í Litla og Stóra Skerjafirði er ekið í og úr skóla með tveim rútum. Með því að þessir nemendur fengju strætókort , ef þeir búa í meira en 1,5 km frá skóla, má draga úr kostnaði um **8,8 millj. kr.**

Réttarholtsskóli: 12 nemendur búa utan viðmiðs um fjarlægð frá heimaskóla, kostnaður **kr. 260.400.**

Með því að einfalda reglur um úthlutun stætómiða og afhenda þeim nemendum strætókort sem búa utan við 1,5 km. göngufjarlægðar frá heimaskóla, og leggja af akstur með rútum í skólahverfi Hlíðaskóla, Kelduskóla – Vík og Melaskóla má draga úr kostnaði sem nemur allt að **16,0 millj. kr.** á ári. Nemendur á unglingsstigi í Kelduskóla – Vík yrðu þá að skipta um vagn í Egilshöll, nemendur í 1. – 7. bekk Melaskóla að ganga yfir Suðurgötuna sem er þung umferðargata og nemendur í 1. – 4. bekk Hlíðaskóla sem búsettir eru í Suðurhlíðum geta aðeins tekið strætó lítinn hluta leiðar sinnar í Hlíðaskóla eða sem nemur vegalengd milli stoppistöð við Veðurstofuna og að næstu stoppistöð. Lagt er til að reglur þessar taki gildi við upphaf skólaárs haustið 2019.

Yfirlit yfir þau skólahverfi sem tillaga um breytingu á afhendingu strætómiða/-korta myndi ná til og mismun á kostnaði:

Skóli	Rútuakstur Kostnaður á ári	Strætómiðar kostnaður	Kostnaður á nemanda	Fjöldi yngri	Fjöldi eldri	Kostnaður strætókort	Mismunur
Kelduskóli	5.600.000 ISK		94.915 ISK		26	564.200 ISK	5.035.800 ISK
Hlíðaskóli	1.200.000 ISK		80.000 ISK	0		- ISK	1.200.000 ISK
Melaskóli	9.300.000 ISK		88.571 ISK	45	9	582.300 ISK	8.717.700 ISK
Hagaskóli		1.406.550 ISK	55.440 ISK		65	1.410.500 ISK	- 3.950 ISK
Árbæjarskóli		3.169.800 ISK	55.440 ISK		45	976.500 ISK	2.193.300 ISK
Langholtsskóli				1	1	30.300 ISK	- 30.300 ISK
Laugalækjarskóli					8	173.600 ISK	- 173.600 ISK
Laugarnesskóli				14	3	185.500 ISK	- 185.500 ISK
Réttarholtsskóli					12	260.400 ISK	- 260.400 ISK
Fossvogsskóli				15	4	215.800 ISK	- 215.800 ISK
Földaskóli					11	238.700 ISK	- 238.700 ISK
Háaleitsskóli					1	21.700 ISK	- 21.700 ISK
Samtals	16.100.000 ISK	4.576.350 ISK		75	185	4.659.500 ISK	16.016.850 ISK



REGLUR

um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar

Gildissvið

Reglur þessar gilda um umsókn og afhendingu strætókorta/farmiða til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar og reglubundinn skólaakstur þegar hann á við. Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er sveitarfélögum skylt að sjá til þess að skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, og börn sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar eftir því sem nánar segir í grunnskólalögum. Samkvæmt 22. gr. grunnskólalaga bera sveitarfélög ábyrgð á skipulagi skólaaksturs þar sem hann á við og standa straum af kostnaðinum.

Í reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar er kveðið á um skólahverfin, reglurnar má sjá hér:

https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/113_5.2_reglur_um_skolahverfi_og_innritun.pdf

Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum.

1. gr. Skilyrði fyrir afhendingu strætókorta/farmiða

1.1 Nemendur sem sækja skóla í sínu skólahverfi, til samræmis við reglur um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar eiga þess kost að fá ókeypis strætókort sé vegalengdin frá heimili að skóla meiri en 1,5 km. Miðað er við örugga gönguleið frá heimili að skólalóð samkvæmt skilgreiningu Borgarvefsjár.

Þeir nemendur sem þurfa tímabundið eða 1 – 2 daga í viku að nota almenningsgöngur til að komast til og frá skóla fá ókeypis farmiða sé vegalengdin frá lögheimili að skóla meiri en 1,5 km. Miðað er við örugga gönguleið frá lögheimili að skólalóð samkvæmt skilgreiningu Borgarvefsjár.

1.2 Nemendur sem að tilstuðlan skrifstofu skóla- og frístundasviðs sækja skóla utan skólahverfis eiga þess einnig kost að fá ókeypis strætókort/farmiða og skulu viðmiðunarmörk um vegalengd vera hin sömu, þ.e. fjarlægð frá lögheimili að skóla er meiri en 1,5 km.

1.3 Nemendur sem samkvæmt ákvörðun foreldra sækja skóla utan síns skólahverfis eiga ekki rétt á ókeypis strætókorti/farmiðum.

2. gr. Umsókn um strætókort

2.1 Foreldrar sækja árlega um strætókort/farmiða til viðkomandi skóla á þar til gerðu eyðublaði. Skólinn sendir skrifstofu skóla- og frístundasviðs til samþykktar lista yfir þá nemendur sem óskað er eftir strætókorti/farmiðum fyrir.

2.2 Ef umsókn er synjað af skóla eða skrifstofu skóla- og frístundasviðs vegna þess að gönguleið telst of stutt getur foreldri óskað eftir mælingu hjá Landupplýsingadeild á

umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur, sjá nánar um meðferð umsókna sem er synjað í 5. gr.

3. gr. Afhending strætókorta/farmiða

Skólastjóri hvers skóla ber ábyrgð á afhendingu strætókorta/farmiða. Endurnýjun á glötuðu korti er á kostnað viðkomandi nemenda/foreldra.

4. gr. Reglubundinn skólaakstur

4.1 Ef ekki er mögulegt að nota almenningssamgöngur til samræmis við gr. 1.1 er heimilt að koma á reglubundnum skólaakstri til lögboðinnar kennslu. Skólastjórar skulu senda tillögur sínar um reglubundinn skólaakstur til skrifstofu skóla- og frístundasviðs fyrir 1. maí vegna komandi skólaárs.

4.2 Ákvörðun um akstur með hópbifreiðum er tekin af skóla- og frístundaráði fyrir 1. júlí vegna komandi skólaárs. Skólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd reglubundins skólaaksturs samkvæmt samþykktu skipulagi.

5. gr. Meðferð umsókna

Við meðferð umsókna skal farið að ákvæðum laga um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum og stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, með síðari breytingum.

Hafni skrifstofa skóla- og frístundasviðs umsókn um strætókort/farmiða skal það tilkynnt foreldrum skriflega þar sem fram komi ástæða synjunar. Foreldrar skulu vera upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Afrit niðurstöðu er sent viðkomandi skóla.

Með reglum þessum falla úr gildi reglur um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar, samþykktar í Menntaráði 3. nóvember 2005.

Reglurnar taka gildi xxx 2019.



Reykjavíkurborg
Menntasvið

REGLUR

um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar með strætisvögnum Reykjavíkur og akstur nemenda með hóp bifreiðum

1. gr.

Nemendur sem sækja skóla í sínu skólahverfi eiga þess kost að fá ókeypis farmiða sé vegalengdin frá heimili að skóla meiri en 1,5 km fyrir nemendur í 1.-5. bekk og 2 km fyrir nemendur í 6.-10. bekk. Miðað er við skemmstu gönguleið. Nemendur sem að tilstuðlan Menntasviðs sækja skóla utan hverfis eiga þess einnig kost að fá ókeypis farmiða og skulu viðmiðunarmörk um vegalengd vera hin sömu.

2. gr.

Nemendur sem að eigin ósk sækja skóla utan síns hverfis eiga ekki rétt á ókeypis farmiðum. Þó er heimilt að afhenda þeim nemendum, sem flust hafa milli skólahverfa, en óska eftir að sækja sinn fyrri skóla út yfirstandandi skólaár, ókeypis farmiða að hálfu.

3. gr.

Þurfi nemendur að sækja lögboðna kennslu utan skólahverfis skal afhenda þeim ókeypis farmiða ef vegalengdin er meiri en 1,5 km fyrir nemendur í 1.-5. bekk og 2 km fyrir nemendur í 6.-10. bekk. Ef ekki er mögulegt að nota almenningssamgöngur við þessar aðstæður skal koma á reglubundnum skólaakstri.

4. gr.

Heimilt er að koma á reglubundnum skólaakstri til lögboðinnar kennslu utan skólahverfis verði því ekki við komið að nota almenningssvagna, m.a. vegna stundaskrárgerðar. Einnig skal nemendum ekið með hóp bifreiðum þurfi þeir á leið sinni til að sækja lögboðna kennslu utan skólahverfis, að fara yfir fjögurra akreina götur þar sem umferðarþungi er mikill og engar sérstakar ráðstafanir eru gerðar til þess að hindra umferðarhraða og/eða aðstoða gangandi vegfarendur.

5. gr.

Skólastjóri hvers skóla ber ábyrgð á afhendingu farmiða. Hann skal sjá til þess að nafnalisti um afhendinguna berist til Menntasviðs með hverjum reikningi frá Strætó bs.

6. gr.

Skólastjórar skulu senda tillögur sínar um reglubundinn skólaakstur til Menntasviðs fyrir 15. ágúst vegna komandi skólaárs. Ákvörðun um akstur með hóp bifreiðum skal tekin í samráði viðkomandi skólastjóra og Menntasviðs. Skólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd reglubundins skólaaksturs samkvæmt samþykktu skipulagi.

Á fundi menntaráðs 3. nóvember 2005 var samþykkt að heimila Menntasviði að gera undanþágu um vegalengd þar sem um mjög erfiðar gönguleiðir er að ræða, svo sem þungar umferðargötur, bersvæði og illa lýstar leiðir.

Reglur um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar

Gildissvið

Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar en öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6–16 ára, er skylt að sækja grunnskóla skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum. Skv. sömu lögum er sveitarfélögum skylt að sjá til þess að skólaskyld börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, og börn sem hefur verið ráðstafað í fóstur til fósturforeldra, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar eftir því sem nánar segir í grunnskólalögum. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum.

1. gr. Skólahverfi

Í Reykjavík eru 34 grunnskólar reknir af Reykjavíkurborg en borginni er skipt upp í 37 skólahverfi.

Skólahverfin má sjá eftir götum á heimasíðu skóla – og frístundasviðs Reykjavíkur: <http://reykjavik.is/allir-grunnskolar> með því að velja borgarhluta og síðan grunnskóla. Einnig er hægt að sjá skólahverfin myndrænt með því að nota borgarvefsjá Reykjavíkurborgar: <http://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/> með því að velja *opna valglugga* – *Borgarskipting* og haka í *Grunnskólahverfi*.

2. gr. Umsókn í grunnskóla Reykjavíkurborgar

Umsókn um grunnskóla Reykjavíkurborgar fer fram í gegnum Rafræna Reykjavík, þjónustuvef Reykjavíkurborgar. Leiðbeiningar um skráningu í Rafræna Reykjavík er að finna á heimasíðunni www.reykjavik.is.

Hægt er að fá aðstoð við að fylla út rafræna umsókn á öllum þjónustumiðstöðvum borgarinnar og í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími: 411 1111.

3. gr. Val um grunnskóla og meðferð umsókna

3.1 Foreldrar eiga kost á að sækja um skóla fyrir börn sín hvar sem er í borginni skv. reglum þessum.

3.2 Nemendur með lögheimili í tilteknu skólahverfi eiga afdráttarlausan rétt á skólavist í hverfissskóla og því forgang, ef skóli þarf að takmarka nemendafjölda.

3.3 Skóli tekur inn nemendur utan skólahverfis nema húsnæði hamli eða aðrar lögmætar ástæður.

3.4 Við meðferð umsókna skal farið að ákvæðum laga um grunnskóla nr. 91/2008 og stjórnarsýslulögum nr. 37/1993.

3.5 Hafni grunnskóli inntöku nemenda þar sem húsnæði hamlar skal skólastjóri tilkynna foreldrum það skriflega þar sem fram komi ástæða synjunar. Foreldrar skulu vera upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. grunnskólalaga.

3.6 Hafni grunnskóli inntöku nemenda af öðrum lögmætum ástæðum en að húsnæði hamli inntöku, skal skólastjóri gefa foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun. Andmæli foreldra skulu berast skólanum skriflega innan tveggja vikna.

Sé ákvörðun tekin um synjun umsókna, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum, skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra. Ákvörðun skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. grunnskólalaga. Afgreiðsla umsókna skal vera lokið innan mánaðar

frá því að umsókn berst til skólans. Ef fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla umsóknar muni tefjast upplýsir skólastjóri foreldra um ástæður tafanna og hvenær afgreiðslu er að vænta.

3.7 Nemendur sem sækja skóla í öðru skólahverfi en lögheimili þeirra er, eiga sama rétt til skólavistar og þjónustu og nemendur úr skólahverfi skólans.

4. gr. Umsókn og innritun nemenda í 1. bekk grunnskóla

Tilkynning um hvenær hægt er að skrá nemendur í 1. bekk grunnskóla er send foreldrum í byrjun árs. Skráning fer fram í Rafræna Reykjavík og ef sótt er um hverfissskóla nemanda berst staðfesting um skráningu í skólann strax. Ef sótt er um annan skóla en hverfissskóla er umsókn afgreidd þegar fyrir liggur fjöldi nemenda sem hefur lögheimili í viðkomandi skólahverfi og hefur valið skólann. Um meðferð umsókna fer skv. 3. gr. þessara reglna.

5. gr. Flutningur milli skóla Reykjavíkurborgar

Foreldrar sækja um flutning á milli skóla í Rafrænni Reykjavík. Skóli sem sótt er um samþykkir eða synjar umsókn til samræmis við 3. gr. þessara reglna.

6. gr. Skólaakstur/strætófargjald

Þeir nemendur með lögheimili í Reykjavík sem eiga rétt á skólaakstri/strætófargjaldi eru:

Nemendur í 1.-5. bekk sem búa meira en 1,5 km göngufjarlægð frá hverfissskóla sínum.

Nemendur í 6.-10. bekk sem búa meira en 2 km göngufjarlægð frá hverfissskóla sínum.

7. gr. Nemendur með lögheimili í öðrum sveitarfélögum

Óski foreldrar nemanda með lögheimili utan Reykjavíkur eftir að nemandinn sæki grunnskóla í Reykjavík er farið með beiðnina í samræmi við viðmiðunarreglur Sambands íslenskra sveitarfélaga þar um.

8. gr. Upplýsingagjöf skóla- og frístundasviðs

Í kynningarefni og á heimasíðu skóla- og frístundasviðs skal koma skýrt fram að foreldrar nemenda hafi val um grunnskóla með þeim fyrirvörum sem um getur í 3. gr. og vakin athygli á því að unnt sé að velja sjálfstætt rekna grunnskóla.

Reglur þessar taka gildi frá 9. febrúar 2017. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkur sem samþykktar voru í menntaráði þann 3. mars 2005.

Samþykkt í skóla- og frístundaráði þann 8. febrúar 2017 og í borgarráði þann 9. febrúar 2017.



Reykjavík, 23. nóvember 2018
SFS2018110156
148. fundur
HG/geb/hs

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga að breytingum á reglum um afhendingu strætómíða/- korta fyrir nemendur í grunnskólum Reykjavíkur

Skóla- og frístundaráði barst erindi dags. 8. febrúar 2018 þar sem skólastjóri Árbæjarskóla óskaði eftir því fyrir hönd skólaráðs að úthlutun strætómíða/-korta fyrir nemendur í unglिंगadeild skólans með lögheimili í Seláshverfi verði endurskoðuð til samræmis við úthlutun til nemenda í Skerjafirði eða að komið verði á skólaakstri sambærilegum við það sem boðið er upp á fyrir nemendur í Staðarhverfi. Í kjölfar þessa erindis var ákveðið að skoða hvort þörf væri á að endurskoða reglur um afhendingu farmíða/korta til nemenda í grunnskólum borgarinnar með strætisvögnum Reykjavíkur og akstur nemenda með hópþreifiðum sem samþykktar voru í menntaráði borgarinnar 3. nóvember 2005.

Samkvæmt 1. gr. núgildandi reglna eiga nemendur sem sækja skóla í sínu skólahverfi kost á að fá ókeypis farmíða sé vegalengdin frá heimili að skóla meiri en 1,5 km fyrir nemendur í 1.-5. bekk og 2 km fyrir nemendur í 6.-10. bekk. Miðað er við skemmstu gönguleið.

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs leggur til að þessar reglur verði einfaldaðar þannig að sama viðmið um fjarlægð verði notað fyrir alla aldurshópa nemenda, þ.e. 1,5 km. fjarlægð frá heimili að heimaskóla. Þá verði hætt að afhenda miða heldur fái nemendur árskort í strætó skráð á nafn viðkomandi barns og nýtist allan daginn alla daga ársins.

Þegar skoðaðar voru fjarlægðir frá heimili að heimaskóla í öllum skólahverfum borgarinnar kom í ljós að gera mætti breytingar í tólf skólahverfum:

Árbæjarskóli: Með því að afhenda nemendum sem búa í innan við 1,5 km. rás frá skólanum strætókort og hætta að afhenda farmíða til nemenda í þeim hluta skólahverfisins sem lendir innan 1,5 km. viðmiðs dregst kostnaður saman um **2,2 millj. kr.**

Fossvogsskóli: Um 20 nemendur eiga rétt á strætókorti og kostnaður eykst um **kr. 215.800.**

Foldaskóli: 11 nemendur í Hamrahverfi eiga rétt á strætókorti og er kostnaður við það **kr. 238.700.**

Hagaskóli: Um 35 nemendur eiga rétt á strætókorti og er kostnaður við það **kr. 1.410.500.**

Háaleitisskóli: Einn nemandi á rétt á strætókorti og eykst kostnaður um **kr. 21.700**

Hlíðaskóli: Nemendur búsettir í Suðurhlíðum sem hefur verið ekið í skólann með rútu fá strætókort og sparast við það **1,2 millj.**

Kelduskóli: Nemendur í unglिंगadeild sem búsettir eru í Staðarhverfi fá strætókort í stað þess að vera ekið með rútu í og úr skóla. Ókostur við þessa leið er að nemendur þurfa að skipta um vagn við Egilshöll. Kostnaður dregst saman um allt að **kr. 5.035.800.**

Langholtsskóli: Einn nemandi býr nú utan viðmiðs um fjarlægð frá heimaskóla ættu rétt á strætókorti, kostnaður **kr. 30.300.**

Laugalækjarskóli: Átta nemendur sem búa utan viðmiðs um fjarlægð ættu rétt á strætókorti, kostnaður **kr. 173.600.**

Laugarnesskóli: 17 nemendur sem búa utan viðmiðs um fjarlægð frá heimaskóla ættu rétt á strætókorti, kostnaður **kr. 185.500.**

Melaskóli: Nemendum sem búa í Litla og Stóra Skerjafirði er ekið í og úr skóla með rútu. Í dag er um að ræða 36 nemendur. Með því að þessir nemendur fengju strætókort má draga úr kostnaði um **8,8 millj.** kr. með því að aðeins nemendur sem falla utan viðmiðunarfjarlægðar þ.e. 1,5 km. má draga úr kostnaði sem nemur um **4,4 millj. á ári.**

Réttarholtsskóli: 12 nemendur búa utan viðmiðs um fjarlægð frá heimaskóla, kostnaður **kr. 260.400.**

Með því að einfalda reglur um úthlutun stætómiða og afhenda þeim nemendum strætókort sem búa utan við 1,5 km. göngufjarlægðar frá heimaskóla, og leggja af akstur með rútum í skólahverfi Hlíðaskóla, Kelduskóla – Vík og Melaskóla má draga úr kostnaði sem nemur allt að **16,0 millj. kr.** á ári. Nemendur á unglíngastigi í Kelduskóla – Vík yrðu þá að skipta um vagn í Egilshöll, nemendur í 1. – 7. bekk Melaskóla að ganga yfir Suðurgötuna sem er þung umferðargata og nemendur í 1. – 4. bekk Hlíðaskóla sem búsettir eru í Suðurhlíðum geta aðeins tekið strætó lítinn hluta leiðar sinnar í Hlíðaskóla eða sem nemur vegalengd milli stoppistöð við Veðurstofuna og að næstu stoppistöð. Lagt er til að reglur þessar taki gildi við upphaf skólaárs haustið 2019.

Yfirlit yfir þau skólahverfi sem tillaga um breytingu á afhendingu strætómiða/-korta myndi ná til og mismun á kostnaði:

Skóli	Rútuakstur Kostnaður á ári	Strætómiðar kostnaður	Kostnaður á nemanda	Fjöldi yngri	Fjöldi eldri	Kostnaður strætókort	Mismunur
Kelduskóli	5.600.000 ISK		94.915 ISK		26	564.200 ISK	5.035.800 ISK
Hlíðaskóli	1.200.000 ISK		80.000 ISK	0		- ISK	1.200.000 ISK
Melaskóli	9.300.000 ISK		88.571 ISK	45	9	582.300 ISK	8.717.700 ISK
Hagaskóli		1.406.550 ISK	55.440 ISK		65	1.410.500 ISK	- 3.950 ISK
Árbæjarskóli		3.169.800 ISK	55.440 ISK		45	976.500 ISK	2.193.300 ISK
Langholtsskóli				1	1	30.300 ISK	- 30.300 ISK
Laugalækjarskóli					8	173.600 ISK	- 173.600 ISK
Laugarnesskóli				14	3	185.500 ISK	- 185.500 ISK
Réttarholtsskóli					12	260.400 ISK	- 260.400 ISK
Fossvogsskóli				15	4	215.800 ISK	- 215.800 ISK
Foldaskóli					11	238.700 ISK	- 238.700 ISK
Háaleitsskóli					1	21.700 ISK	- 21.700 ISK
Samtals	16.100.000 ISK	4.576.350 ISK		75	185	4.659.500 ISK	16.016.850 ISK

Skóla- og frístundarsvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12 -14

105 Reykjavík

Ályktun frá Árbæjarskóla vegna reglna um strætókort til nemenda grunnskóla

Skólasamfélag Árbæjarskóla fékk til umsagnar nýjar tillögur um afhendingu strætókorta til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar, sbr. tölvupóst frá Guðrúnu Eddu Bentsdóttur, 1. febrúar sl.

Kallað var eftir álitum frá foreldrum og nemendum auk þess sem skólastjórnendur skólans hafa farið yfir málið. Eftir að hafa aflað umsagna áður nefndra aðila er niðurstaðan frá Árbæjarskóla eftirfarandi:

Skólasamfélag Árbæjarskóla telur að með nýjum reglum sé einungis verið að færa til strætómiða milli hverfa. Hluti nemenda úr Ártúnshverfi missir miða og í stað þess fá fleiri nemendur í Seláshverfi miða. Skólasamfélag Árbæjarskóla mótmælir þessu og hvetur Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar til að endurskoða reglurnar þannig að allir nemendur unglingsaldar skólans sem koma úr Ártúni og Selási fái úthlutað korti og miðað verði við nemendur austan Selásbrautar og alla nemendur Ártúnsholts, eins og áður var þegar ekki var miðað við fjarlægð í kílómetrum heldur skólahverfi. Í raun væri réttast að allir grunnskólanemendur borgarinnar ferðuðust endurgjaldslaust í strætó því þannig sætu allir við sama borð hvað nám, íþróttaiðkun og tómsundur varðaði hvar sem er í borginni enda sækja mjög margir nemendur íþróttir og tómsundur utan síns hverfis.

Þá vill skólinn einnig benda á eftirfarandi, en í áður nefndum tölvupósti frá Guðrúnu Eddu segir m.a.: „Nýjar reglur voru samdar í samræmi við stefnu borgarinnar um að hvetja borgarbúa til að nota almenningssamgöngur í meira mæli en nú er gert og draga úr kostnaði sem fylgir skólaakstri í einstökum hverfum“.

Skólasamfélag Árbæjarskóla tekur undir það að almenningssamgöngur séu mikilvægar og vill í því sambandi vitna til athugasemdar frá foreldri í hverfinu um að samgöngur innan hverfisins verði að vera í lagi, einfaldar og fyrirhafnarlausar:

„Þá mætti gjarnan skoða það að bæta strætósamgöngur innan hverfisins þar sem enginn einn vagn tengir Ártúnið, Árbæinn og Selás/Norðlingaholt með beinum hætti. Nr. 16 fer í Ártúnið, tekur krók niður í Hálsa en snýr við í Hraunsás og er bara á 30 mín. fresti. Nr. 5 fer vissulega í Selásinn í gegnum Árbæinn og upp í Norðlingaholt en ekki niður í Ártúnsholtið. Þetta klippir mjög á flæðið í hverfinu en að mínu mati ætti að vera sjálfsagt mál fyrir börn og unglinga (og fullorðna að sjálfsögðu líka) að ferðast innan hverfisins á sem einfaldastan og skilvirkastan hátt“.

Ef borginni er alvara með að styrkja almenningssamgöngur þá liggur beinast við að hefjast handa við að styrkja samgöngur innan hverfanna þannig að almenningssamgöngur verði eftirsóttur kostur m.a. hjá fjölskyldum til að koma nemendum til og frá skóla og í íþróttir og tómsundur. Nemendur grunnskólans eru vonandi framtíðar þjónustuþegar Strætó en til þess að svo megi verða þarf að gera samgöngurnar einfaldari og aðlaðandi þannig að fólk sjái sér hag í því að nýta þær.

Virðingarfyllt, fyrir hönd skólasamfélags Árbæjarskóla

Guðrún Erna Þórhallsdóttir

aðstoðarskólastjóri Árbæjarskóla

Frá: Bára Jóhannsdóttir
Dags: 11.3.2019 11:04:55
Til: SFS
Efni: Reglur um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkur

Góðan dag

Á fundi skólaráðs Foldaskóla föstudaginn 8. mars var fjallað um reglur um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkur. Reglurnar voru ræddar en helsta breyting er að nemendur geta sótt um strætókort ef vegalengd frá heimili til skóla er lengri en 1,5 km. Fundarmenn töldu þetta skref í rétta átt en álit þeirra er að allir nemendur ættu að fá strætókort til afnota.

Með kveðju

Bára Jóhannsdóttir

skólastjóri Foldaskóla

Sími: 5407600

Netfang: bara.johannsdottir@rvkskolar.is

cid:image001.png@01D434BD.F0B58C00

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

Ályktun frá foreldrum í Suðurhlíðum varðandi skólaakstur milli Suðurhlíða og Hlíðaskóla

Undir ályktunina rita 95 manns.

Ályktun frá foreldrum í Suðurhlíðum, 105 Reykjavík

Varðar skólaakstur milli Suðurhlíða og Hlíðaskóla (mál SFS2019020005)

Við undirrituð mótmælum fyrirhugaðri breytingu á skólaakstri í hverfi 105. Við höfum í höndunum upplýsingar um það að Skóla- og frístundasvið hefur til skoðunar að leggja niður akstur nemenda með hóp bifreiðum og taka upp reglur um strætókort, með það að leiðarljósi að hvetja borgarbúa til að nota almenningsamgöngur í meira mæli en nú er gert og draga úr kostnaði.

Rök okkar gegn breytingunum eru eftirfarandi:

1. Ekki eru til staðar strætisvagnsamgöngur milli Suðurhlíða og Hlíðaskóla.
2. Um erfiða gönguleið er að ræða yfir Litlu-Öskjuhlíð. Þar er bersvæði, illa upplýst, ekki mokað á veturna og stígurinn ekki hálfuvarinn. Leiðin er því ekki örugg. Önnur leið liggur meðfram Bústaðavegi, sem er stór umferðargata og hættuleg börnum. Þó vegalengdin milli þess íbúðarhúsnæðis sem stendur neðst í Suðurhlíðahverfinu og Hlíðaskóla sé um 2 km viljum við sérstaklega taka fram að kílómetra-viðmið eiga illa við um hverfið og vísun í drög að reglum um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar varðandi undanþágu um vegalengd (neðsta málsgrein): „...samþykkt að heimila Menntasviði að gera undanþágu um vegalengd þar sem um mjög erfiðar gönguleiðir er að ræða, svo sem þungar umferðargötur, bersvæði og illa lýstar leiðir“.
3. Auðsýnt þykir að verði skólaakstur felldur niður munu foreldrar barna í Suðurhlíðunum neyðast til að keyra börn sín í skólann. Þetta mun auka einkabílaumferð og er því í mótsögn við stefnu Skóla- og frístundasviðs að aðgerðin stuðli að aukinni notkun almenningsamgangna. Auk þess mun þetta auka umferðaröngþveiti við skólann, sem þó er allnokkuð fyrir.
4. Aðgerðin mun rýra lífsgæði íbúa í Suðurhlíðunum og þar með markaðsvirði fasteigna.



Reykjavík, 12. febrúar 2019

Beiðni frá skóla- og frístundasviði um umsögn skólaráðs

Efni: Umsögn skólaráðs Réttarholtsskóla vegna skoðunar á nógildandi reglum um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum Reykjavíkur borgarinnar með stættisvögnum Reykjavíkur. Tekið til umfjöllunar á skólaráðsfundi 11. febrúar 2019.

Skólaráð Réttarholtsskóla gerir ekki athugasemd við breytingu á **1. gr. 1.1.** en gerir athugasemd við **1. gr. 1.3.** þar sem nemendur utan skólahverfis eiga ekki kost á gjaldfrjálsu strætókorti/ farmiðum. Athugasemdin felst í því að nemendur sækja oft skóla utan skólahverfis af vel rökstuddum ástæðum eins og félagslegum þáttum sem hafa mikil áhrif á nemendur og telur að hér sé nemendum mismunað.

Virðingarfyllt fh. skólaráðs Réttarholtsskóla,
Margrét Sigfúsdóttir skólastjóri.



27. febrúar 2019

Berist til:

Guðrún Edda Bentsdóttir, verkefnastjóri skóla- og fristundasviðs.

Efni:

Umsögn frá skólaráði Fossvogsskóla varðandi drög að nýjum reglum um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum Reykjavíkur.

Á fundi skólaráðs Fossvogsskóla, þann 13. febrúar 2019, var tekið fyrir erindi frá Skóla- og fristundasviði (SFS), dags. 1. febrúar 2019, þar sem óskað er eftir því að skólaráð taki drög að nýjum reglum um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkur til umræðu og skili umsögn til SFS fyrir 28. febrúar 2019.

Skólaráð Fossvogsskóla fagnar að í endurskoðuðum reglum sé endanlegt ákvörðunarvald fært frá einstökum skólastjómendum til miðlægra sviða Reykjavíkurborgar. Dæmi eru til um að við framkvæmd núverandi reglna hafi myndast óþarfa núningsfletir á milli skóla og heimilis, sem hér er ráðin bragarbót á.

Í 1. grein telur skólaráð óljóst hvernig fara eigi með málefni nemenda sem eru í sameiginlegri forsjá foreldra sem skilin eru að skiptum, sbr. 31. og 32. gr barnalaga. Til eru tilvik þar sem nemendur í þeirri stöðu eiga tvö heimili og annað þeirra er utan skólahverfis nemanda. Skólaráð telur rétt að nemandi sem býr við slíkar aðstæður eigi rétt á gjaldfrjálsu strætókorti/farmiðum til þess að standa vörð um hagsmuni nemandans þannig að lengri vegalengd milli skóla og heimilis myndi ekki þröskuld til ástundunar. Hafi SFS þegar gert ráð fyrir slíkum aðstæðum í 1. grein leggur skólaráð til að orðalag greinarinnar sé gert skýrara svo enginn vafi leiki á túlkun.

Í grein 4.1 er tillögufrestur skólastjómenda stuttur frá 15. ágúst til 1. maí. Telur skólaráð rétt að ákvörðun SFS um framlagðar tillögur sé fastsettur í grein 4.2 þannig að skólastjómendur geti brugðist við tímanlega enda bera þeir ábyrgð á framkvæmd akstursins skv. sömu grein. Leggur skólaráð til að ákvörðun SFS liggi fyrir ekki síðar en 1. júlí vegna komandi skólaárs. Þá hafa skólastjómendur ráðrúm til að skipuleggja og semja um skólaakstur áður en sumarleyfi og haustannir taka við. Fastur ákvörðunardagur veitir einnig svigrúm til andmæla og endurákvörðunar í tíma.

Í reglum er ekki fjallað um skólaakstur fyrir nemendur sem sækja skóla í sínu skólahverfi um lengri leið en 1,5 km en almenningsgöngur henta ekki, t.a.m. nemendur í dreifbýli. Telur skólaráð nauðsynlegt að reglur um slíkan akstur séu settar, séu þær ekki þegar til staðar annars staðar. Leggur skólaráð til að reglurnar verði sambærilegar við þær reglur sem settar eru fram í grein 4.1.

Virðingarfyllt.

Fh. skólaráðs Fossvogsskóla

Aðalbjörg Ingadóttir skólastjóri

